

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins
yfir Íslandi, um vatnsveitingar og engjarækt í 1869.
suðuramtinu. 29. septbr.

Í bréfi dagsettu 17. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá aðgjörðum Niels Jörgensens, jarðyrkjumanns, sem sendur var til Íslands með styrk sumpart frá hinu konunglega danska landbústjórnarfélagi sumpart frá dómsmálastjórninni, við vatnsveitingar á engjar og framskurð á mýrum í Árnessýslu, og hafið þér látið í ljósi, að í hinum sýslunum í suðuramtinu mætti líka gjöra mikið með því að rækta engjarnar þar, og að það væri því mjög æskilegt, ef þess væri kostur, að fá opinberan styrk, til þess að suðuramtið gæti notið góðs af vinnu þessa jarðyrkjumanns eitt ár enn. Jafnframt og þér hafið getið þess, að bústjórnarfélag suðuramtsins hafi boðizt til að leggja fram 100 rd. til þessa áforms, hafið þér sókt um, að stjórnarráðið bæði veiti sjálft af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda handa Íslandi, 100 til 150 rd. styrk í viðbót til áframhalds vatnsveitinga- og framskurðar-störfum þeim, sem byrjað hefir verið á í ár í suðuramtinu, og reyni til að fá hið konunglega danska landbústjórnarfélag til að veita líkan styrk.

Nú er skrifazt hefir verið á við landbústjórnarfélagið um þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að tæð félag er fúst á að veita hér um bil 150 rd. styrk til þess, að Niels Jörgensen, jarðyrkjumaður, geti dvalið eitt ár enn á Íslandi, svo framarlega sem yður tekst að semja svo að nýju við tæðan jarðyrkjumann um kaup hans, að styrkur sá, sem verður veittur, þar með talið tillag bústjórnarfélags suðuramtsins, verði nógur til þess, og skal því við bætt, að stjórnarráðið leyfir með sama skilyrði að borga megí af fè því, sem veitt er í fjárhagslögunum 20. gr. VI. C, 150 rd. í þessu skyni.

Þér eruð beðnir, þegar þar að kemur, að skýra stjórnarráðinu frá ráðstöfunum þeim, er þér gjörið í þessu efni.